



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 21. desember 2016

Efni: Einhella 9, fyrirspurn , 1611427

Þann 29.11.2016 leggur Borgarafl inn fyrirspurn til Skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem óskað er eftir deiliskipulagsbreytingu við Einhellu 9, 221 Hafnarfirði. Breytingarnar fela í sér að núverandi byggingarreitur verði stækkaður 14,3 m vestur og dreginn inn um 5,9 m til suðurs. Nýrri innkeyrslu verði komið fyrir við vesturenda lóðar. Með fyrirspurninni fylgja drög að fyrirhugaðri breytingu og uppbyggingu á lóð.

Í skilmálum deiliskipulagsins er tekið fram að gatnakerfið skuli vera einfalt og öruggt. Nú er gert ráð fyrir einni aðkomu inn á lóðirnar milli Einhellu 7 og 9. Með því að að koma fyrir nýrri innkeyrslu á lóð líkt og fyrirspurnartillaga sýnir verður talsvert rof í gangstétt. Núgildandi skipulag leggur áherslu á að samnýta innkeyrslur til að auka umferðaröryggi. Jafnframt verður heildsteyptari mynd á gangstétt og göturými fyrir vikið. Á innsendri tillögu er ný innkeyrsla mjög lítil. Er því dregið í efa gagnsemi hennar í þeirri mynd sem hún er sýnd. Að öllum líkindum þarf að stækka innkeyrsluna verulega eigi hún að þjóna sem slík fyrir þá starfsemi sem verður við Einhellu 9. Eykur þá enn á það skarð sem mun koma í gangstétt við þá framkvæmd sem og óöryggi í umferð gangandi sem og akandi vegfarenda.

Í ljósi þessa er ekki mælt með að erindið verði samþykkt.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt